

Framúrskarandi hráefni - topp þjónusta - sanngjarnt verð



Hlíðasmára 8 og Spönginni 13 [facebook](#)

28. MARS 2015 • 12. tölublað 6. árgangur

REYKJAVÍK

VIKUBLAÐ



Háskóli Íslands neitar að afhenda skýrslu sálfræðinga um ástandið í viðskiptafræðideild, þrátt fyrir fyrirmæli úrskurðarnefndar um upplýsingamál:

„Kæmi sér mjög illa fyrir deildina og háskólann í heild“

Það kæmi sér mjög illa fyrir deildina og háskólann í heild ef skýrslan yrði gerð opinber,“ segir meðal annars í bréfi Háskóla Íslands til úrskurðarnefndar um upplýsingamál, en skólinn hefur ítrekað neitað að afhenda skýrslu sem unnin var af sálfræðingum sem ræddu ítarlega við starfsfólk viðskiptafræðideildar haustið 2013. Ófremdarástand var þá innan deildar-

innar. Háskólinn hyggst leita til dómstóla til að fá niðurstöðum úrskurðarnefndarinnar hnekk. En hún hefur tvisvar sagt að skýrsluna skuli afhenda. Engin svör hafa fengist frá skólanumvið því hvað í efni hennar kæmi sér „mjög illa“ fyrir skólann og deildina.

Fríðrik Eysteinnsson, fyrrverandi aðjúnt við deildina, hefur barist fyrir því að fá skýrsluna, en hann telur að efni hennar geti

rennt stoðum undir kröfur sínar, en hann telur sig hafa verið beittan órétti af stjórnendum deildarinnar, auk þess að hafa sætt bæði þöggun og einelti fyrir að gagnrýna starfshætti. Hann missti starf sitt við skólann eftir fimm ára starf og þar með mikilvæg réttindi, en skömmu áður greindist hann með ólæknandi krabbamein.

Sjá bls. 2.

Múr og Flísar ehf.

Öll múrvinna - fagmennska í fyrirrúmi

Flísalagnir Flotun
Múrverk Anhydrit-ílagir
Hhúsaviðgerðir Perlu-ílögn
Steining Sand-ílögn

Löggiltur meistari - sími 8972681 - asgeirhelga@simnet.is

Rafstilling ehf

startarar - alternatarar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

TYLÖ
Allt fyrir sauna-
og blautgufu

TÆKJATÆKNI
Smíðjuvegur 11, 200 Kópavogur, sími 571 3770
GSM 860 4460, tt@taekjataekni.is

Spænskútvatnaðar
SALTFISKSTEIKUR
tilbúnar á pönnuna

Engin aukaefni - 100% fiskur
- 2gja ára geymslupól -

Ektafiskur
Sími 466 1016
elvar@ektafiskur.is
www.ektafiskur.is

Fermingar tilboð

Valhöll 5 svæðisskipt heilsudýna

Pokagormakerfi, gæðabólstrun.

Verð með PU-leðurbotni og fótum.

120x200 cm **Verð aðeins kr. 79.900.-**

140x200 cm **Verð aðeins kr. 89.900.-**

Erum farin að taka niður pantanir.
Væntanleg sending í lok mars.

GJÖF FYLGIR

Vandyck
sængurverasett
að eigin vali
fylgir öllum
fermingar-
rúnum í ár

12 mán.
vaxtalausar
greiðslur*

GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ



Baldursnesi 6 - Akureyri



Listhúsið - Reykjavík



Vandyck sængurverasett

Svefn & heilsa
★★★★★

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opíð virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is

Umboðsaðilar: Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum

FRÁBÆRAR EIGNIR

með góða staðsetningu

BÚM
BETUR



bygg.is

Skóðið
teikningar
á bygg.is

Naustavör 2



Bryggjuhverfinu í Kópavogi

Sala er hafin á íbúðum í glæsilegu 3ja hæða fjölbýlishúsi við Naustavör 2 í Kópavogi. Íbúðirnar eru 2ja til 4ra herbergja. Íbúðirnar verða með vönduðum íslenskum innréttingum frá Brúnás og vönduðum AEG eldhústækjum. Íbúðirnar verða ýmist með góðum svölum eða stórri timburverönd.

Stæði í bílskýli fylgja öllum íbúðum.

Lundur 2-6



6 ÍBÚÐIR ÓSELDAR

Fossvogsdalnum í Kópavogi

Lundur er án vafa ein glæsilegasta staðsetning íbúðabyggðar á höfuðborgarsvæðinu enda skapa Fossvogurinn, Öskjuhlíðin og rómaðar gönguleiðir gott jafnvægi milli byggðar og náttúru. Hverfið er skipulagt með sex kjörnum og milli þeirra verða stór græn svæði. Stutt er í margvíslega þjónustu, afþreyingu og menningu, s.s. Smáralind, Kringluna, Salinn og Gerðasafn.

Nýhöfn 2-6



4 ÍBÚÐIR ÓSELDAR

Sjálandi í Garðabæ

Íbúðirnar eru frá 125-150 fm, 3ja og 4ra herbergja.

Íbúðirnar verða með vönduðum íslenskum innréttingum frá Brúnás og vönduðum AEG eldhústækjum. Íbúðirnar verða ýmist með góðum svölum eða stórri timburverönd. Stæði í bílageymslu fylgja öllum íbúðum.



ICEWEAR OUTLET STORE

VETRAR- OG ÚTIVISTARFATNAÐUR
ALLT AÐ 80% AFSLÁTTUR



ICEWEAR OUTLET STORE • FÁKAFEN 9 • 108 REYKJAVÍK • SÍMI 555 7412 • WWW.ICEWEAR.IS

OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10:00-18:00 • LAUGARDAGA 10:00-16:00 • SUNNUDAGA 12:00-16:00



Atli Þór Fanndal

Brást lögregla skyldum sínum og vannýtti heimildir í Hraunbæjarmálinu?

Skömmu fyrir sjö að morgni annars desembers 2013 var Sævar Rafn Jónsson úrskurðaður látinn í íbúð sinni í Hraunbæ. Í fyrsta sinn hafði sérsveit lögreglu fellt mann. Sævar hafði árum saman átt við geðræn vandamál að stríða. Aðdragandinn að umsátrinu utan heimili hans var nokkur. Viðvaranir margar og heimildir til inngrips til staðar. Þrátt fyrir það aðhafðist lögreglan ekki. Innanríkisráðherra hefur ásamt lögreglu kallað eftir umræðu um þörfina á öryggisstofnun og auknu lagarými lögreglu. Píratar hafa á móti kallað eftir auknu eftirliti með störfum lögreglu.

Í desember, tveimur mánuðum fyrir andlát Sævars, var hann stöðvaður vegna ölvunarakstur og ætlaðs vopnalagabrots. Lögreglan gerði hnifa upp-tæka en í málaskrá lögreglu, LÖKE, kemur fram að lögreglumaðurinn sem sá um málið taldi að Sævar ætti ekki að bera vopn í því ástandi sem hann var í. „... hann virkar ekki andlega heill á geði í bandl við það ölvunarástand sem hann var í,“ segir í lögregluskýrslu. Sævar hafði þá áður hótad bæði fjölskyldu sinni, lögreglu, starfsfólki félagsþjónustunar og einstakling sem hann taldi sig sitthvað sökugt við vegna viðskipta.


Allar dyr lokaðar

Sigríður Ósk Jónasdóttir, systir Sævars tilkynnti versnandi ástand bróður síns til lögreglu tvívegis með formlegum hætti. Fyrst í maí 2013 þegar hún tjáði lögreglunni á Akureyri að Sævar segðist hafa byssu undir höndum og að hann ætlaði sér að beita henni gegn fjölskyldu sinni og lögreglunni. Þá aðhafðist lögreglan ekkert. Skömmu síðar, eða í júní, sendi Sævar bréf á starfsmann Héraðsdóms Reykjavíkur og almennt pósthólf dómsins um að hann hefði keypt sér byssu og hyggðist nota á nafngreindan aðila. „Ég get svosem frætt ykkur með því að fyrir 200.000,- keypti ég Winchester pumpu og tösku af skotum (...) enn þetta fuðrar upp í trýnið á ykkur og [fjarlæg] verður drepinn. Hafid þið aldrei

innanríkisráðuneytið. Sigríður fékk svo svipaðan póst sem innihélt hótanir gagnvart fjölskyldu Sævars og lögreglu. Hún tilkynnti áhyggjur sínar en án árangurs.

Ekkert byssuleyfi

Það vekur sérstaka athygli að Sævar hafði víða viðurkennt kaup á „Winchester pumpu.“ Sævar var ekki með byssuleyfi og gæti slíkt talist sem rök-



Sjónarhorn Sævars, mynd er rannsóknargögnum sýnir mögulegt sjónarhorn Sævars úr svefnherbergi hans að útidyrarhurð, þaðan sem hann skaut á lögreglumenn sem svöruðu með skotum sem urðu Sævari að bana.



Sævar Rafn Jónsson.

studdur grunur um vopnalagabrot. Brot á vopnalögum varðar allt að fjögurra ára fangelsi. Í tilfelli Sævars hafði hann ekki aðeins tilgreint vopna-kaup heldur hótad ofbeldi gagnvart nafngreindum einstakling sem hann taldi sig hafa harma að hefna gagnvart. Í ljós hefur komið að haglabýssa Sævars var þýfi sem hann hafði keypt á netinu. Upplýsingar sem komið hefðu fram hefði lögregla lagt trú á hótanir Sævars og aðvaranir systur hans og óskað heimildar til hútleitar byggða á rökstuddum grun um vopnalagabrot.

Nægar heimildir

Í umræðunni um þörf lögreglu á auknum heimildum hefur Hraunbæjarmálið komið til tals. Í ljós hefur komið að viðvörðunarkerki voru til staðar enn ekkert brugðist við. Samt hefur verið fullyrt að málið gefi til-efni til þess að lögregla og stofnanir fái auknar heimildir til að deila upplýsingum sín á milli. Ýmislegt kann að vera til í að samskipti stofnana megi vera betri en lögreglu er þó þegar heimilt að bregðast við hótunum, grun um vopnalagabrot og ölvunarakstri. Framkemur í samantekt ríkissaksóknara að lögregla hafði árið 2008 og 2009 haft af honum afskipti. Viðvaranir til lögreglu voru því beinar hótanir, tilkynningar starfsmanna félagsþjónustu, tilkynning frá fjölskyldu og bein afskipti þar sem eggvopn voru fjarlægð. Vilhjálmur Árnason, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, nefndi Hraunbæjarmálið sem dæmi um þörfina fyrir auknar heimildir lögreglu í Vikulokum Rásar 1, byrjun mánaðarins. „Við getum ekki sagt að aðilarnir megi ekki tala saman því það brjóti réttindi [einstaklinga] en í hinu orðinu að segja heyrðu við hefðum átt að láta aðilana saman til að bregðast



Vilhjálmur Árnason, þingmaður Sjálfstæðisflokksins

við ástandinu,“ sagði hann um málið. Vilhjálmur telur að skort hafi á samskipti stofnana. Raunin er önnur, lögregla brást ekki við fjölda ábendinga, þar á meðal hótana Sævars, sendar af honum sjálfum á lögreglu, gegn nafngreindum einstakling þar sem vopnið sem seinna var notað gegn lögreglu var tilgreint sem ætlað morðvopn.

Skylda að bregðast við

„Nú varðar það allt að fjögurra ára fangelsi að hafa skotvopn í leyfisleysi undir höndum og allt að tveggja ára fangelsi að hótta manni lífláti og því hefði maður haldið að lögregla hefði fulla heimild og raunar skyldu til þess að bregðast við í þessu tilfelli,“ skrifar Þórhildur Sunna Ævarsdóttir, lögfræðingur, um heimildir og skyldur lögreglu, í Kvinnablaðið í júní á síðasta ári. „Lögreglan hefði getað sóst eftir heimild til hútleitar á heimili Sævars til þess að gera upptæka haglabýssuna hans. Ákærvaldið hefði getað höfðað mál á hendur Sævari fyrir líflátshótanir og ólögmetan vopna-burð. Sökum veikinda Sævars hefði þeim málaferlum mögulega lokið með nauðungarvistun á viðeigandi stofnun. Því það er bæði refsivert og hættulegt athæfi að hótta fólki lífláti.“ Skýringin á því hvers vegna lögregla brást ekki við ítrekuðum viðvörðunum Sigríðar, systur Sævars, er sú að hún lagði sjálf ekki fram kærú. Þórhildur Sunna bendir á að þetta standist ekki mjög nánna skoðun. „Samkvæmt 52. grein laga 88/2008 um meðferð sakamála er rannsókn sakamála almennt í höndum lögreglu og henni ber „hvenær sem þess er þörf að hefja rannsókn út af vitneskju eða grun um að refsivert brot hafi verið framið hvort sem henni hefur borist kæra eða ekki.“

Frh. bls. 8

Er húsfélagið í lausu lofti?

Vantar óháðan aðila til að annast málefni húsfélagsins eða rekstrarfélagsins?

» Eignaumsjón er óháður fagaðili þegar kemur að rekstri húsfélaga og rekstrarfélaga – og því frábær lausn fyrir eigendur atvinnuhúsnæðis. Í okkar umsjá ertu í góðum höndum – við sjáum um fjármálin, fundina, undirbúning framkvæmda og viðhalds og annarra þátta sem þarf að leysa.





Dagurinn er bara allt annar

Ota haframjöllið er framleitt úr 100% sérvöldum höfrum sem eru flokkaðir, valsaðir og síðan ristaðir til að auka enn á bragðgæðin. Hafragrautur úr Ota



Solgryn er einfaldur og hollur morgunverður með háu hlutfalli af fjölsykrum, trefjaríkur og mettandi og dugur þér langt inn í daginn.

OTA SOLGRYN

Vilja forvirkar heimildir

Ólöf Nordal, innanríkisráðherra, flutti erindi á fundi Varðbergs, samtaka um vestræna samvinnu og alþjóðamál, þann 5. febrúar síðastliðinn, um lögreglu og öryggismál í alþjóðlegu samhengi. Spegill RÚV fjallaði um málið í kjölfarið og vitnaði í skýrslu frá árinu 2006, sem unnin var fyrir Björn Bjarnason, þáverandi dóms- og kirkjumálaráðherra. Í henni var lagt til að stofnuð yrði þjóðaröryggisdeild innan embættis Ríkislögreglustjóra sem hefði forvirkar rannsóknarheimildir. Það yrði

í raun eins konar leyniþjónusta sem hefði heimildir til að hlæra og upplýsingaöflunar í forvarnarskyni. Gert var ráð fyrir að 25 til 30 starfsmönnum. Rökin fyrir því að koma á fót leyniþjónustu hér á landi voru þá og eru reyndar enn að með slíkri stofnun geti Ísland átt í samvinnu við aðrar stofnanir af sama toga í útlöndum.

Blessuð umræðan

Spegillinn spurði Ólöfu hvað hún vildi gera og ræða? „Það sem ég vil vekja athygli á er að þetta á ekki að vera

tabú umræða. Það skiptir máli fyrir öryggi borgaranna að við séu viss um að við búum ekki við falskt öryggi. Við skulum alla vega tryggja það að við búum ekki við falskt öryggi. Það er eiginlega sú umræða sem ég vil hefja.“ Það skal tekið fram að ráðherrar eru umtalsvert áhrifameiri en almenningur. Stöðunni fylgir beint vald til að semja og leggja fram frumvörp sem falla að stefnu á áhugasviði ráðherranna. Tilfelli þar sem ráðherrar vilja opinskáa umræðu um hugðarefni sín eru iðulega undanfari frumvarps og aðgerða - oftast en ekki umdeilda. Krafa lögreglu um forvirkar rannsóknarheimildir, aukna vopnavæðingu og rýmri heimildir er ekki ný á nálinni. „Það er mikilvægt að við getum rætt með opnum huga öryggismál landsins og þær heimildir sem lögreglan þarf að hafa til þess að viðhalda öryggi hér á landinu. Innanríkisráðuneytið mun leggja sitt af mörkum til þess að slík umræða fari fram. Ég held að það sé eina leiðin til þess að ná árangri,“ sagði Ólöf við Morgunblaðið í febrúar en blaðið fjallaði ítarlega um áhuga ráðherra á opinskáari umræðu um þjóðaröryggi. Innanríkisráðherra taldi eins og fyrr sama mánuð, þegar hún ræddi við Spegilinn, ekki tímabært að leggja efnislega til umræðunar með því að ræða einstaka fyrirætlanir sínar. Þá hefur hún ekki lagt áherslu á að almenningi verði gert grein fyrir því hvort Lög-



reglan sé raunar hæf til að vinna innan eigin heimilda.


Píratar vilja aukið eftirlit

Þingflokkur Pírata lagði í vikunni fram tillögu til þingsályktunar um sjálfstætt eftirlit með starfsháttum og starfsemi lögreglu. Með tillögunni er lagt til að unnið verði lagafrumvarp um sérstaka stofnun á vegum Alþingis sem hafi eftirlitsskyldum að gegna og heimildir til að: Hefja athugun að eigin frumkvæði, taka við kærnum einstaklinga sem telja lögreglu hafa brotið á réttindum sínum, rannsaka meint brot lögreglumanna í starfi, að rannsaka tilkynningar innan úr lögreglulíðum um einelti og kynferðislega áreitni, að rannsaka upplýsingar frá nafnlausum afhjúpendum innan lögreglu eða stjórnsýslu. Píratar hafa gert lögreglumál að sínum mála-

flokk, sérstaklega samskipti og réttindi almennings gagnvart lögreglu. Í lok febrúar svaraði innanríkisráðherra fyrirspurn Birgittu Jónsdóttur, þingkonu Pírataflokksins, um hve margar kærur bárust ríkissaksóknara á árunum 2011–2013 þar sem kært var fyrir brot sem fellur undir atferlislýsingu 1. gr. sammings Sameinuðu þjóðanna gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu og hver urðu afdrif mállanna í réttarkerfinu? Í svari ráðherra kemur fram talsverður fjöldi kæra og afar hátt hlutfall þeirra eru feldar niður.

Núverandi skipan flókin og óskilvirk

Eftirlit með lögreglu hér á landi er afar flókið og víðfemt, raunar svo víðfemt að margir sem fara með eftirlitið vita það ekki sjálf. Eftirlitsskyldur falla meðal annars undir starfsemi umboðsmanns Alþingis, Ríkisendurskoðunar, ríkissaksóknara, Alþingi og lögregluembættin sjálf. Málefni lögreglunnar eru á könnu innanríkisráðherra sem felur ríkislögreglustjóra að fara með málaflokkinn í umboði ráðherra. Ríkissaksóknari hefur gert athugasemd við að ákveðnir þættir eftirlitsins séu á herðum stofnunarinnar. Ríkislögreglustjóri fer með ákveðið eftirlitshlutverk, sem er meðal helstu hlutverka embættisins, en það er að hafa eftirlit með lögreglustöðvum, tækjum þeirra og búnaði. Umboðsmaður Alþingis getur tekið málefni lögreglunnar til athugunar berist embættinu kvörtun. Meginreglan er þó sú að umboðsmaður tekur aðeins kvartanir til meðferðar hafi önnur stjórn-sýsluúrræði verið reynd. Það þýðir í raun að umboðsmaður metur aðeins hvort hefðbundnar leiðir sem borgarar geta farið til að leita réttlátrar málsmeðferðar hafi dugað til að fá sanngjarna úrlausn. Umboðsmaður hefur hins vegar heimild til frumkvæðismála. Raunin er að fjárheimildir Umboðsmanns eru svo litlar að stofnunin hefur ítrekað bent á að hún geti vart gert slíkt. Sé þörf á stjórnsýsluúttekt á starfsemi lögreglunnar fellur það undir verksvið Ríkisendurskoðunar. Stofnunin getur framkvæmt úttektir er varða lög um opinbera stjórnsýslu. Það gerði Ríkisendurskoðun til að mynda árið 2011 þegar hún áminnti lögregluþyrirvöld vegna brota á innkaupareglum ríkisins. Tvær þingnefndir fara sérstaklega með eftirlit; forsætisnefnd annars vegar og stjórnsýslu- og eftirlitsnefnd hins vegar. Þingmenn, og þá sérstaklega forsætisnefnd, geta óskað eftir skýrslu frá Ríkisendurskoðun. Umboðsmaður Alþingis er hins vegar óháður boðvaldi Alþingis. Alþingi getur sett saman rannsóknarnefnd um málefni lögreglunnar samkvæmt lögum um rannsóknarnefndir sem samþykkt voru árið 2011. Að lokum má svo nefna að þess er vænst að lögreglan, eins og aðrar stofnanir, fari að vissu marki með eftirlit með eigin störfum.



Horft inn í íbúð Sævars inn um aðalinngang, séð inn í eldhús. Til vinstri er stofa en til hægri er farið í svefnherbergi og snyrtingu. Lögreglumenn áttu erfitt með að fóta sig sökum þess að flest gólf voru þakin hlutum sem Sævar hafði sankað að sér.



Horft inn í stofu íbúðarinnar. Rusl og hlutir eru í hrúgu allt í kringum lögreglumann með gasgrímu. Alls var 36 litlum gasflaugum skotið inn í íbúð Sævars auk tveggja 12g stærri gasflauga.



Sævar skaut á sérsvaitarmenn með haglabyssu þegar þeir réðust til inngöngu. Sérsvaitarmenn svöruðu með skothríð og hittu hann í nára og brjóst. Hann lést skömmu síðar.



Nærmynd af svefnherbergisglugga Sævars. Sérsvaitin skaut fjölmörgum gasskotum inn um rúðuna. Sævar svaraði með tveimur skotum úr haglabyssu út á bílplan.



Mynd utan á heimili Sævars.



BORÐA DREKKA
TYGGJA

WRIGLEY'S
Extra

 Tannlæknafélag Íslands mælir með notkun xylitols sem aðalsætuafnis í tyggigúmmí

Heilsulindir í Reykjavík



SKELLTU ÞÉR Í

SUND

UM PÁSKANA

AFGREIÐSLUTÍMI
SUNDSTAÐA UM PÁSKA

	Skírdagur 2. apríl	Föstud. langi 3. apríl	Laugardagur 4. apríl	Páskadagur 5. apríl	Annar í Páskum 6. apríl	Sumard. fyrsti 23. apríl
ÁRBÆJARLAUG	kl. 9-18	kl. 10-18	kl. 9-18	kl. 10-18	kl. 9-18	kl. 9-18
BREIÐHOLTSLAUG	kl. 9-18	Lokað	kl. 9-18	Lokað	kl. 9-18	kl. 9-18
GRAFARVOGSLAUG	kl. 9-18	Lokað	kl. 9-18	Lokað	kl. 9-18	kl. 9-18
KLÉBERGSLAUG	kl. 11-15	Lokað	kl. 11-15	Lokað	kl. 11-15	kl. 11-15
LAUGARDALSLAUG	kl. 8-22	kl. 10-18	kl. 8-22	kl. 10-18	kl. 8-22	kl. 8-22
SUNDHÖLLIN	kl. 10-18	Lokað	kl. 8-16	Lokað	kl. 10-18	kl. 10-18
VESTURBÆJARLAUG	kl. 9-18	kl. 10-18	kl. 9-18	kl. 10-18	kl. 9-18	kl. 9-18



Laugarnar í Reykjavík

www.itr.is | sími 411 5000

VIÐTAL

Jón Atli Benediktsson, umsækjandi um embætti rektors Háskóla Íslands, segir að fjármögnun skólans sé stærsta viðfangsefnið. Það sé brýnt mál séu leið til lykta og þar muni hann beita sér:

Þarf að geta tekið erfiðar ákvarðanir

Fjármögnun Háskóla Íslands er stærsta verkefnið sem biður nýs rektors, að mati Jóns Atla Benediktssonar, aðstoðarrektors vísinda og kennslu við Háskólann og prófessors í rafmagns- og tölvunarverkfræði. Skólagjöld vill hann ekki. Hann segir Háskólann vera mikilvæga stofnun í samfélaginu sem þurfi að efla og styrkja. Hlutverk rektors sé mikilvægt og hann þurfi að geta leitt mál til lykta og tekið erfiðar ákvarðanir. Húsnæði skólans og aðbúnaður nemenda og starfsfólks séu jafnframt mikilvæg og hann hyggst beita sér fyrir bættum kjörum starfsfólks og þar með talið stundakennara.

„Ég hef brennandi áhuga á Háskóla Íslands og uppbyggingu hans og vil láta gott af mér leiða. Ég tel jafnframt að sú reynsla sem ég hef aflað mér sé mjög mikilvæg. Ég þekki starfsemi Háskólans mjög vel sem kennari, vísindamaður og stjórnandi,“ segir Jón Atli Benediktsson, aðstoðarrektror vísinda og kennslu við Háskóla Íslands og prófessor í rafmagns- og tölvunarverkfræði.

Fyrsta spurning blaðamanns lýtur einmitt að því hvers vegna hann sækist eftir starfi rektors og hvers vegna hann ætti að hljóta embættið.

Jón Atli stíklar í framhaldinu á stóru á rúmlega þriggja áratuga ferli, frá því að hann lauk prófi í rafmagnsverkfræði frá Háskóla Íslands 1984. Eftir það hélt hann síðan vestur um haf og lauk fyrst meistarp prófi og síðar doktorsprófi frá Purdue University í Indiana í Bandaríkjunum 1990.

Jón Atli hefur helgað akademíunni krafta sína allan sinn feril; bæði sinnt kennslu og rannsóknum af miklum krafti, hlotið viðurkenningar fyrir rannsóknir sínar og var einnig um skeið ritstjóri helsta fræðitimarits heims á sínu sviði og forseti alþjóðlegs fræðafélags í fjarkönnun. Nýsköpun og hagnýting rannsókna hefur einnig átt hug hans. Þá hefur hann jafnframt tekið virkan þátt í alþjóðlegu starfi háskóla, til dæmis verið gistingufrófessor á Ítalíu, Englandi og í Kína, en einnig á sviði rannsókna og stjórnsýslu. Þá hefur hann setið í Vísinda og tækniráði og gegnt ýmsum fleiri trúnaðarstörfum. Þá hefur hann síðustu árin unnið náið með rektor í æstu stjórnsýslu skólans, en áður hafði hann tekið mjög virkan þátt í því að móta stefnu skólans á grunni innlendra og erlendra úttekta á starfi skólans um miðjan síðasta áratug.

Kallaður til starfa

„Það kom ósk um það frá rektor, eftir að þessu starfi lauk, að ég kæmi inni í stjórnsýsluna sem þróunarstjóri og aðstoðarmaður rektors. Ég ákvað að taka það að mér, en í hlutastarfi,“ segir Jón Atli. Stjórnsýslunni sinnti hann í 60 prósentum starfshlutfalli en hinum 40 prósentunum varði hann til rannsókna sinna og til að leiðbeina doktorsnemum. „Þetta var farsælt að mínu

mati að skipta þessu svona. Frá árinu 2009 hef ég verið aðstoðarrektror vísinda og kennslu í hlutastarfi og haldið rannsóknum mínum áfram, en líka sinnt kennslu.“ Jón Atli er jafnframt formaður gæðanefndar og forstöðumaður miðstöðvar framhaldsnáms við skólann, svo nokkuð sé nefnt. „Ég þekki skólann því mjög vel, en ég hef náttúrulega aldrei verið rektor,“ segir Jón Atli og brosir við.

Fjárhagurinn brýnasta verkefnið

„Brýnasta verkefnið núna er að bæta fjárhag Háskólans. Ég hef talað fyrir því að Háskóli Íslands sé allhliða háskóli sem hefur mjög ríkar skyldur við íslenskt samfélag en er líka sterkur alþjóðlegur rannsóknarháskóli. Þannig þjóni skólinn samfélaginu best og ég legg mikla áherslu á að hann þjóni samfélaginu,“ segir Jón Atli, spurður um áherslumál, hljóti hann embættið.

Hann bætir því við að Háskólinn hafi verið undirfjármagnaður fyrir hrun. „Það sýnir hvað vandinn er mikill. Háskólinn er illa staddur, sem við sjáum til dæmis í samanburði við háskóla á Norðurlöndum. Við þurfum að kenna tvöfalt fleiri nemendum á hvern kennara og framlögin eru bara helmingur samanborið við það sem tíðkast á Norðurlöndum,“ bætir hann við.

„Síðan eru fleiri mál sem þarf að huga að, sem kannski eru afleiðing af þessu.“ Jón Atli nefnir nýliðun, að laga þurfi hlutfall nemenda á hvern kennara og svo þurfi að endurskoða reiknilíkan sem mennta- og mennigarmálaráðneytið notar til að ákvarða fjárveitingar til skólans.

„Alfarið á móti skólagjöldum“

„Þetta kerfi er frá 1999 og það þarf að fara ofan í það til að tryggja að jafnræði sé á milli sviða og fræðigreina. Líkanið þýðir að opinbera framlagið til kennslu er mjög mismunandi eftir sviðum og deildum. Það þýðir að í sumum greinum er bara hægt að kenna í stjórum hópum og sinna einstaka nemendum minna og veldur auk þess miklu álagi á kennara. Og varðandi rannsóknirnar þá þarf að halda áfram þeirri vegferð að efla



„Rektorinn reynir að finna breiðu línurnar í starfinu,“ segir Jón Atli Benediktsson. Hann ræðir um áherslur sínar verði hann kjörinn rektor Háskóla Íslands. Rektor verði að geta tekið erfiðar ákvarðanir, segir hann, og nefnir aðspurður að taka verði á alvarlegum málum eins og ritstuldi af festu.

rannsóknarstarf Háskóla Íslands. Ég vil virða sérstöðu fræðigreina. Ég vil ekki bara hugsa um alþjóðlega þáttinn heldur einnig greinar sem hafa mjög mikla skírskotun hingað og eru mikilvægar fyrir íslenskt samfélag,“ bætir hann við.

- En hvernig á að bæta fjárhaginn? Umræða um skólagjöld hefur reglulega komið upp á síðustu misserum.

„Þetta er mikilvæg spurning. Ég er alfarið á móti skólagjöldum og legg á það mikla áherslu,“ segir Jón Atli og bætir við að aðgangur nemenda að háskólanámi óháð efnahag sé ein besta tryggingin fyrir félagslegum hreyfanleika og stuðli að því að fólk fái aukin tækifæri til að þróa hæfileika sína. Hér skipti sanngjarnar lánareglur LÍN líka höfuðmáli svo nemar þurfi

ekki að glíma við fjárhagsvanda í námi sínu. „Það skilar sér margfalt til baka til samfélagsins. Um fjármögnun skólans þarf að vera víðtæk pólitísk sátt,“ seigr hann og bætir við að hún sé að vissu leyti til staðar. Núverandi ríkisstjórn hafi lofað að standa við fyrirheit síðustu ríkisstjórnar frá 2011 um að á næsta ári hafi framlag til skólans á hvern nemanda náð meðaltali OECD

ríkja og árið 2020 verði framlagið á pari við það sem þekktist á Norðurlöndum. „Vonandi verður staðið við þessi fyrirheit“, segir Jón Atli en bætir við að ganga verði eftir því að við þetta verði staðið.

Ríkið standi við sitt

Í fyrirheitum ríkisstjórnarinnar um aukin framlög til Háskólans er hins vegar gengið út frá því að hann afli sjálfur þriðjungs sinna tekna. Verkefni rektors varðandi fjármögnun er því tvíþætt „Í fyrsta lagi að tryggja að ríkið standi við sitt. Það skiptir máli fyrir íslenskt samfélag að við séum með alhliða háskóla sem kenni sem flestar greinar á öllum námsstigum. Þótt árangurinn hafi verið frábær og við höfum komist inn á lista yfir bestu háskóla í heimi, og séum í 13. sæti á Norðurlöndum, gengur ekki til lengdar að reka rannsóknaháskóla við þessi skilyrði,“ segir Jón Atli og bætir við að þessu hafi til dæmis fylgt mikið álag á starfsfólk. „Í öðru lagi þarf rektor að hafa forystu um að afla þess þriðjungur fjármögnunarinnar sem eftir stendur. Það þarf að sækja fé í samkeppnissjóði erlendis og innanlands. Líka þarf að leita annarra leiða, eins og til hollvina og leita eftir samstarfi við stofnanir og atvinnulíf í landinu. En við verðum líka að passa okkur, þegar tekið er við gjöfum og öðrum framlögum að farið sé eftir skýrum reglum og akademískt frelsi sé ætíð í heiðri haft. En meginþinginn í að afla þessa þriðjungs tekna liggur að mínu mati í því að afla rannsóknarstyrkja,“ segir Jón Atli og bætir við að samhliða sé nauðsynlegt

að styrkja stjórnáslu skólans til þess að aðstoða fólk við að sækja styrki og einnig að ráðstafa þeim.

Óhræddur við erfiðar ákvarðanir

Jón Atli segir enn fremur að hlutverk rektors Háskólans sé ekki síst að fást við stefnumörkun og leiða mál farsælega til lykta.

„Rektorinn reynir að finna breiðu línurnar í starfinu, finna helstu leiðir til að leysa mál innan skólans. En síðan er ég ekki hræddur við, ef það þarf, að taka erfiðar ákvarðanir. Ég er alveg tilbúinn í það líka. En tek fram að ég vil helst leysa mál sem næst vettvangi og ljúka þeim, en ekki láta þau liggja.“

- Hvað áttu við með erfiðum ákvörðunum?

„Það er oft þannig að það eru mismunandi sjónarmið um hvernig eigi að leysa málin. Hér í akademíunni er stundum verið að breyta reglum eða áherslum. Venjan er sú að hlutir eru sendir til umsagnar. Ég mun einmitt leggja áherslu á að starfsfólk hafi aðkomu að helstu ákvörðunum. En umsagnir koma svo til Háskólaráðs og rektor er formaður þess. Það skiptir miklu máli hvaða afstöðu rektor hefur. Síðan eru ýmis mál sem geta verið erfið fyrir Háskólann, bara eins og við þekkjum úr samfélagsumræðunni og nafn Háskólans hefur komið upp. Og þá getur rektor þurft að beita sér. Ég er tilbúinn til þess.“


Ritstuldur alvarlegt mál

- Gæti verið dæmi um „erfitt mál“ til dæmis ef kennari við skólann yrði

Frh. bls. 12

VELJUM ÍSLENSKT

Handprjónaðar peysur í úrvali




...eða prjónið þær sjálf


Allt sem þarf á einum stað



Handprjónasamband Íslands



Skólavörðustígur 19
Sími: 552 1890
www.handknit.is



Jón Atli segist alltaf hafa verið áhugasamur um stærðfræði. Hann hefur í starfi sínu lagt áherslu á fjarkönnun, að geta rannsakað hluti úr fjarlægð. Hann er einn stofnenda sprotafyrirtækisins Oxymap ásamt Einari Stefánssyni, prófessor í augnlæknisfræði og Þór Eysteinnssyni, prófessor í lífeðlisfræði við Háskóla Íslands. Tækni fyrirtækisins byggir á notkun fjarkönnunar af augum.

Öflugri og fegurri hverfi

Hverfissjóður Reykjavíkur auglýsir eftir styrkumsóknum til verkefna sem stuðla að einhverjum eftirtalinnu þátta í hverfum borgarinnar:

- Bættu mannlífi og eflingu félagsauðs
- Fegurri ásýnd borgarhverfa
- Auknu öryggi í hverfum borgarinnar
- Samstarfi íbúa, félagasamtaka eða fyrirtækja við borgarstofnanir.

Hægt er að sækja um styrki til verkefna í einu eða fleiri hverfum eða almennt í borginni. Einstaklingar, hópar, félagasamtök og stofnanir geta sótt um.

Hámaksupphæð styrkja er 700.000 krónur.

Umsóknarfrestur er til miðnættis
mánudaginn 27. apríl



Nánari upplýsingar eru á vef Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/hverfissjodur

dæmdur fyrir að taka texta annars höfundar og birta í eigin nafni? Hvernig væri eðlilegt fyrir rektor að bregðast við slíku?

„Slík mál þarf að rannsaka gaumgæfilega og mikilvægt er að taka á þeim af festu. Ritstuldur er vitanlega alvarlegt mál sem hörð viðurlög liggja við.“

Vill bæta kjör stundakennra

Fjöldamörg atriði um starf skólans koma við sögu í samtali blaðamanns Jóns Atla, meðal annars hinn mikli fjöldi stundakennara sem starfar við skólann. Þeir hafa oft vakið athygli á miklu álagi, réttindaleysi og lágu kaupi.

„Ég tek undir það. Stundakennarar eru mikilvægir fyrir skólann. Við njótum þess að hafa úti í samfélaginu gott fólk sem er að hjálpa okkur og það er mikilvægt að við virðum það við þau og greiðum þeim mannsæmandi laun. Þetta er mál sem Háskólinn þarf að ræða við ríkið. Það eru ákveðnir fjármunir sem eru að koma inn í þetta núna, en það þarf tvímælalaust að bæta kjör stundakennara, og raunar allra starfsmanna. Ég mun beita mér fyrir því.“

Mikilvægt að byggja yfir starfsemi

Húsnæðismál ber einnig á góma eins og í framhjáhlaupi, en Jón Atli grípur málið á lofti, enda sé þetta mjög mikilvægur málaflokkur.

„Ég legg til dæmis mikla áherslu á að Hús íslenskra fræða risi. Þetta er gríðarlega mikilvægt mál. Háskólinn er tilbúinn til þess að greiða sinn þátt í byggingunni til þess að koma því betur af stað. Framkvæmdir eru nú hafnar við húsnæði fyrir stofnun Vigdísar Finnbogadóttur. Síðan þarf frekari byggingar hér á háskólasvæðið,“ segir Jón Atli og nefnir húsnæði fyrir menntavísindasvið. Sameining Háskólans og Kennaraháskólans verið í reynd ekki að fullu gengin í gegn fyrr en með húsnæði á háskólasvæðinu. Hann nefnir einnig verkfræði og náttúruvísindasvið, og einnig heilbrigðisvísindasvið.

„Nýi spítalinn er að rísa, en síðan þarf líka að koma sérstök bygging fyrir heilbrigðisvísindasvið og það stendur til. Þetta er nauðsynlegt því heilbrigðisvísindasvið vinnur í nánnum tengslum við Landspítalann. Spítalinn er stærsti samstarfsaðili Háskólans og sá mikilvægasti. Ég legg mikla áherslu á að við eigum gott samstarf við spítal-

ann. En fyrst við nefndum norrænan samanburð áðan, þá verð ég að nefna að það er heldur minna pláss hér en í háskólum sem við berum okkur saman við,“ segir Jón. Hann sýnir blaðamanni súlurit sem sýnir þetta. Undir hvern nemanda Háskólans eru sjö fermetrar. Í Uppsölum er heldur rýmra, eða 16 fermetrar á nemanda og 21 í Osló.

Lýðræðislegt ferli

Frambjóðendur til embættis rektors hafa undanfarnar vikur sótt fundi og hitt nemendur, kennara og annað starfsfólk. Hvernig finnst Jóni Atla þetta hafa gengið?

„Þetta er mjög skemmtilegt. Þetta er auðvitað vinna. En það er mjög gaman að fara um skólann og hitta fólk og skiptast á skoðunum. Þetta er lýðræðislegt ferli. Fólk hefur áhrif og ræðir það sem brennur á því.“

Stemningin í kosningabaráttunni hafi verið góð, en honum finnst hún aðeins vera að harðna, enda styttest í kjörið. Um leið segist hann fagna því að fólk sækist eftir embættinu, það sé gott fyrir skólann. „Hér áður voru ef til vill fleiri sem sóttust eftir embættinu, en þetta er kannski öðruvísi núna. Rektorsstarfið er mjög krefjandi því skólinn hefur stækkað verulega, bæði með sameiningunni við Kennaraháskólann og nemendum hefur fjölgað mikið.“

Ákvörðun eftir umhugsun

Það líður að lokum á fjölbreyttu spjalli okkar Jóns Atla Benediktssonar. En blaðamaður vill gjarnan svar við einni spurningu að lokum. Af hverju valdirðu verkfræðina? Var það eitthvað þú ætlaðir alltaf og hefurðu lengi stefnt á rektorsstarfið?

„Þegar ég lauk stúdentsprófi velti ég fyrir mér þremur möguleikum. Lögræði, stærðfræði eða rafmagnsverkfræði. Það skipti máli að góður vinur minn hafði áhuga á verkfræðinni, bara eins og gengur. Hún hafði líka það orðspor að vera mjög krefjandi grein. Ég hafði alltaf verið mjög áhugasamur um stærðfræði. Ég hugsaði samt að verkfræðin byði upp á fleiri möguleika. Sem ungur maður velti ég því aldrei fyrir mér að verða rektor og ekki heldur þegar ég þáði starf aðstoðarrektors. Nú gef ég kost á mér í rektorsstarfið og það ákvað ég eftir talsvert mikla umhugsun síðasta haust og hvatningu alls staðar að úr háskólasamfélaginu. Ég er tilbúinn að helga þessu starfi alla krafta mína og býð fram reynslu mína og þekkingu.“

Það er gaman í **Útivist** – Fjölbreyttar ferðir við allra hæfi

www.utivist.is



 **ÚTIVIST**



**BAZAAR
REYKJAVÍK**
— BAZAAR.IS —

GJAFI & HEIMILISVÖRUR
BÆJARLIND 6 | 201 KÓP | 564 - 2013





Nýjar vörur frá H-Berg

Túrmerikdrykkur ★ Möndlumjólk

Íslensk framleiðsla



Túrmerik drykkur
með svörtum pipar og engifer

H-BERG 750ml





Möndlumjólk

H-BERG 750ml

H-Berg ehf | S. 565-6500 | hberg@hberg.is | hberg.is

Hjólandi í þéttbýli:

Víkjandi eða ríkjandi staða?

Það er frábært við hjólreiðar á Íslandi að við erum velkomnir gestir á gangstéttum. Fyrirmyndar hjólreiðamaður sýnir gangandi vegfarendum ævinlega fyllstu tillitssemi, notar bjölluna, dregur úr hraðanum og þakkar fyrir góða samvinnu á stéttum og stígum.

En ökutækið reiðhjól á heima á götunni. Þar hjólum við í víkjandi stöðu, sem er rétt um 1 m frá vegkantinum, hægra megin. Þannig erum við sýnilegri annarri umferð og höfum svolítið öryggisrymi á götunni sem við getum

hörfað í efþrengt er að okkur. Í víkjandi stöðu er auðvelt fyrir önnur ökutæki að fara fram úr hjólandi vegfarendum.

Öðru hvoru færum við okkur í ríkjandi stöðu. Þá tökum við stöðu á akreininni eins og við séum á bíl eða mótorhjól. Þetta gerum við t.d. áður en kemur að gatnamótum, á leið í gegnum hringtorg eða ef þrengingar eru á götunni. Einnig þegar hjólað er framhjá kyrrstæðum bílum þar sem bílhurð getur óvænt oppnast eða bíll bakkað út úr stæði, þá erum við líka í ríkjandi stöðu.



Sesselja Traustadóttir, Hjólafærni á Íslandi.

Með ríkjandi stöðu tryggjum við sýnileika okkar í umferð og um leið eigið öryggi. Um leið og aðstæður leyfa, færum við okkur aftur í víkjandi stöðu.

Til þess að færa sig úr víkjandi stöðu í ríkjandi stöðu, notum við augnsamband og bendingar með vinstri hönd til samvinnu við aðra vegfarendur. Samt ævinlega viðbúin að hörfa, ef það er það sem þarf til að tryggja okkar eigið öryggi.

Götur á Íslandi eru almennt þáð



Í víkjandi stöðu er auðvelt að fara fram úr hjólandi vegfarenda. Myndir - PG



Við tökum ríkjandi stöðu á reiðhjól til að tryggja eigið öryggi og annarra.

rúmgóðar að þar er pláss fyrir okkur segja að sé einum bíl færra. Allir öll. Fyrir hvert hjól í umferðinni má vinna. Njótum þess að hjóla.

Frábær gjöf Svanadúnsæng

Koddi & Damask sængurver á aðeins kr. 65.000,-



Laugavegi 86 101 Reykjavík S. 511 2004 www.dunogfidur.is

Blúshátíðin framundan

Blúshátíð í Reykjavík hefst í dag og verður Blúsdagur í miðborginni auk þess sem tilkynnt verður um val á heiðursfélaga Blúsfélags Reykjavíkur. Hátíðin er í ár er helguð 100 ára fæðingaráfsmæli Muddy Waters og Wille Dixon. Fjöl-margir stíga á stökk á næstu dagana,

jafnt innlendir sem erlendir listamenn, en aðalgestir hátíðarinnar að þessu sinni eru Bob Margolin, blúsgítarleikari, Debbie Davis, blúsgítarleikari ársins og Bob Stroger, bassaleikari. Auk þeirra verða á Blúshátíð

KK band, Björgvin Gíslason, Vintage Caravan Blue Ice Band og fjöldi

annarra tónlistarmanna. Þrennir stórtónleikar Blúshátíðar verða á Hilton Reykjavík Nordica í dymbilvikunni, þriðjudags-, miðvikudagskvöld og að kvöldi skírdags

atriða alla hátíðadagana. Nánari upplýsingar um Blúshátíðina er að finna á www.blues.is.



TÆKNISKÓLINN: Útskriftarnemar í grafískri miðlun, ljósmyndun, prentun og bókbandi verða með nemendasýningu í dag laugardaginn 28. mars kl. 13:00–15:00. Öllum er velkomið að líta inn á sýninguna en hún er haldin í sal Vörðuskóla við Skólavörðuholt, inngangur frá Barónsstíg.

Þríf ehf

SÍMI 89 89 566

www.prif.is / www.thrif.net

netfang: thrif@centrum.is

Bjóðum sérhæfða þjónustu fyrir íbúðir sem eru í útleigu fyrir túrista.

Einkarekið Apótek

Lágt lyfjaverð - góð þjónusta



GARÐS APÓTEK

- rétt leið

Sogavegi við Réttarholtsveg

Opið kl. 9-18 virka daga • Sími 5680990 • www.gardsapotek.is



17. júní í Reykjavík 2015

Dagskráratriði óskast

Auglýst er eftir skemmti- og sýningaratriðum fyrir þjóðhátíðarskemmtun í Reykjavík. Í dagskránni er gert ráð fyrir barna- og fjölskylduskemmtunum á sviðum, tónleikum, leiktækjum og ýmsum sýningum og götuuppákomum. Í tilefni af afmæli kosningaréttar kvenna eru konur sérstaklega hvattar til að sækja um.

Hægt er að sækja um flutning atriða, uppákomur og viðburði á vefnum 17juni.is en umsóknum má einnig skila í Hitt Húsið, Pósthússtræti 3-5, 101 Reykjavík á eyðublöðum sem þar fást.

Umsóknarfrestur rennur út föstudaginn 8. maí

Upplýsingar í síma 411 5502 eða á 17juni@reykjavik.is



Hitt Húsið • Pósthússtræti 3-5 • 101 Reykjavík Sími 411 5500 • 17juni@hitthusid.is • 17juni.is

Borðapantanir
551 9555



Barónsstíg 11
101 Reykjavík
argentina.is



Pegar þú vilt njóta hins besta
– steik eins og steik á að bragðast

REYKJAVÍK

Auglýsingasíminn
er 578 1190

25 ára
reynsla

Stigahúsateppi

Mikið úrval og litaval!

Viðurkennd gæðateppi, slitsterk, ofnæmisprófuð og samþykkt af Mannvirkjastofnun.

Óhreinindavörn sem lengir líftíma teppanna og léttir þrif.

Mælum og gerum tilboð
án skuldbindinga og kostnaðar

**PARKET
& GOLF**

Ármúli 32, 108 Reykjavík
Sími 568 1888
www.parketogolf.is

Sérverslun með teppi og parket

Komdu með auglýsinguna og fáðu viðbótarslátt!

BAKSÍÐAN

Magnús Sveinn
Helgason

Olíuleit og íbúakosningar

Síðustu helgi samþykkti landsfundur Samfylkingarinnar að flokkurinn myndi héðan í frá leggja gegn olíuleit á Drekasvæðinu, enda væri olíuvinnsla ósamrýmanleg alþjóðasamningum um loftslagsmál sem Íslendingar eiga aðild að.

Þetta varð til þess að meirihluti bæjarráðs Fjarðarbyggðar sendi frá sér ályktun þar sem hann lýsir furðu sinni yfir landsfundarsamþykktinni, og fullyrta að í henni fælust „kaldar kveðjur til íbúa Fjarðarbyggðar og Fljótsdalshéraðs.“ Meirihlutinn bætti við að „Samfylkingin bauð ekki fram í neinu af átta sveitarfélögum á Austurlandi.“ Sem verður ekki skilið nema sem pilla um að hér hefði eitthvað utanbæjarfólk verið að skipta sér að málefnum heimamanna.

Það er ekki hægt annað en að taka undir gagnrýni fulltrúa minnihlutans í bæjarráði um að undarlegt sé að bæjaryfirvöld álykti um landsfundarsamþykktir einstakra stjórn málaflokka. Lausn fulltrúa minnihlutans, að setja olíuleit á Drekasvæðinu í íbúakosningu meðal íbúa Fjarðarbyggðar, er hins vegar engin lausn.

Afstaða bæði meiri- og minnihluta í málinu virðist byggjast á sama misskilningi: Að íbúar í Fjarðarbyggð eigi að fá að ákveða hvort ráðist verði í olíuvinnslu í efnahagslögsögu Íslands norðaustur af landinu, eða að það sé með einhverjum hætti óréttmæt afskiptasemi af öðrum íbúum landsins að hafa skoðanir á því hvernig auðlindir þess eru nýttar.

Sama ranghugmynd var áberandi í deilunum um Kárahnjúkavirkjun. Þá var umræðunni stillt þannig upp að einu hagsmunirnir sem raunverulega skiptu máli væru hagsmunir „heimamanna“.

Hvernig við nýtum auðlindir landsins, sem eru sameign allra landsmanna, getur ekki verið eitthvað sem heimamenn á hverjum stað taka einir ákvarðanir um. Náttúraauðlindir landsins eru sameign landsmanna, og ákvarðanir um hvernig eða hvort þær eru nýttar eiga jafn mikið erindi við íbúa Reykjavíkur og Fjarðarbyggðar.

Fyrir nú utan að íbúakosningar geta aðeins átt við um málefni sem snerta nærumhverfi fólks. Það eru hátt á fjórða hundrað kílómetra frá Fjarðarbyggð út á Drekasvæðið. Álíka langt og til Reykjavíkur.

PLASTMÓDEL TIL
SAMSETNINGAR
Í MIKLU ÚRVALI.

Bíldshöfi 18 - Sími: 587 0600
www.tomstunbahusid.is
Finnið okkur á facebook



Þú gengur að gæðunum vísu



Hollar og næringaríkar
baunir fyrir þá sem
huga að heilsunni.

Del Monte baunirnar eru ræktaðar á Ítalíu

Niðursoðnir ávextir eru
ómissandi í forréttinn,
aðalréttinn, eftirréttinn
og baksturinn.



